

um auknar gjaldeyrstekjur af ferðamannaþjónustu.

Flm.: Ólafur Jóhannesson, Sigurvin Einarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka í samráði við ferðaskrifstofu ríkisins, hverjar ráðstafanir er hægt að gera til þess að auka gjaldeyrstekjur þjóðarinnar af ferðamannaþjónustu, svo og að gera viðeigandi ráðstafanir að rannsókn lokinni. Meðal annars sé rannsakað:

1. hvernig hægt er að efla starfsemi ferðaskrifstofu ríkisins;
2. með hverjum hætti hægt er að auka landkynningu erlendis;
3. hvort hægt er að bæta úr gistihúsaskortinum hér yfir sumarmánuðina með því að búa heimavistarskólana viðeigandi húsgögnum og nota þá sem gistihús yfir sumarið;
4. hvernig stuðla má að því, að reist verði og starfrækt hressingar- og heilsuhæli við hverasvæðin.

#### Greinargerð.

Það er alkunna, að hjá sumum þjóðum er ferðamannaþjónusta þýðingarmikill og arðsamur atvinnuvegur, er aftar þjóðarbúinu mikilla gjaldeyrstekna. Frændþjóðir okkar á Norðurlöndum hafa á síðari árum stóraukið eða jafnvel margfaldað tekjur sínar af erlendum ferðamönnum, enda hefur ferðamannastraumurinn til Norðurlandanna aukizt stórkostlega. Er nú svo komið í þessum löndum, að mikill fjöldi manna hefur atvinnu sína beint eða óbeint í sambandi við ferðamannaþjónustu. Og ferðamannaþjónustan er orðin þýðingarmikill þáttur í þjóðarbúskap þeirra, er gefur drjúgar gjaldeyrstekjur.

Við Íslendingar höfum af ýmsum ástæðum orðið eftirbátar frændþjóða okkar í þessu efni. Ferðalög útlendinga hingað til lands hafa að vísu talsvert aukizt og gjaldeyrstekjur landsins af erlendum ferðamönnum hafa farið eitthvað vaxandi. Það má því segja, að miðað hafi í rétta átt. En þróunin hefur verið hægfara. Og í þessum efnum hefur hér ríkt allt of mikið tómlæti. Hefði okkur þó sannarlega ekki veitt af því að drýgja gjaldeyrstekjur okkar með auknum tekjum af erlendum ferðamönnum. Atvinnuvegir okkar eru einmitt of fábreyttir. Það væri mikil búbot að því, ef örugg atvinnugrein eins og ferðamannaþjónusta gæti færzt verulega í aukana. Slík atvinnugrein jafngildir útflutningsatvinnuvegi. Við Íslendingar þurfum í þessu efni að feta í fótspor frændþjóða okkar og stórauka gjaldeyrstekjur okkar af ferðamönnum.

Það eru ófafað skilyrði fyrir hendi til þess að gera Ísland að eftirsóttu ferðamannalandi. Það má vafalaust stórauka ferðamannastrauminn hingað til lands, ef rétt er á haldið. Kemur þar margt til greina, svo sem sérstað náttúrufegurð, saga þjóðarinnar og heilsulindir, sem landið á í laugum og hverum. Og þeirri hindrun, sem áður stóð í vegi, — fjarlægðinni — hafa flugsamgöngurnar að miklu leyti þokað til hliðar. Gengisskráningin er og eigi lengur óhagstað útlendingum. Hins vegar hafa hótelvandræðin verið hér þrándur í götu. Í þeim málum mun væntanleg nokkur úrbót á næstunni. Þó verður þar hvergi nærri um neina fullnægjandi lausn að ræða, ef gert er ráð fyrir nokkurri verulegri fjölgun skemmtiferðamanna. Og auðvitað verður öll fyrirgreiðsla og þjónusta við hina erlendu ferðamenn að vera í fullkomnu lagi. Annars er ekki árangurs að vænta.

Ef auka á ferðamannastrauminn hingað til lands að ráði og þar með gjaldeyrstekjur af ferðamönnum, þá þarf að stórauka landkynningu erlendis, ráða bót á hótelvandræðunum, nýta möguleikana í sambandi við heilsulindir landsins, bæta ferðamannaþjónustuna, skipuleggja samgöngur og gera margvíslegar aðrar ráðstafanir hér innanlands til bættrar fyrirgreiðslu og þjónustu við ferðamenn. Allt þetta mál þarf rækilegrar athugunar við.

Það er skoðun flutningsmanna þessarar þingsályktunartillögu, að hér sé um að ræða stórmál, sem sinna verður af meiri skilningi en að undanförmu. Í því þarf að gera myndarlegt átak. Án þess verður Ísland ekki gert að ferðamannalandi á næstunni. Þessi þingsályktunartillaga er flutt til þess að reyna að koma af stað verulegri hreyfingu í þessu þýðingarmikla máli.

Nánari grein fyrir málinu verður gerð í framsögu.